

## Stærðfræði 2018 - 2019

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í stærðfræði sett fram í sjö flokkum: Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar; Tölfræði i líkindi. Á blaðsíðum 211-217 í 25. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um stærðfræði, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### 2. bekkur

Nemendur 2. bekkjar eru 6,5 kennslustundir á viku í stærðfræði. Kennari er Hrafnhildur Valgarðsdóttir.

### Kennsluhættir

Eins og kemur fram hér að ofan eru hæfniviðmið fyrir stærðfræði sett fram í sjö flokkum. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem eina heild. Þar af leiðandi eru kennsluhættirnir ekki flokkaðir sérstaklega eftir viðmiðunum.

Stærðfræðinámið felst í innlögn kennara á töflu, innlögn kennara í litlum hópum, hópvinnu, paravinnu, einstaklingsvinnu, greiningum, samræðum og athugunum á ýmsum hlutum og formum í umhverfi nemendanna. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð og skilning nemenda.

### Námsgögn

Kennslubækurnar: *Sproti 2a og 2b* nemendabækur og æfingahefti, ýmis ljósrituð verkefni og spil tengd námsefninu. Stuðst við ýmsar aukabækur sem hæfa og aldri og getu nemenda, meðal annars *Viltu reyna* (gulur, rauður, grænn) og *Húrrahefti 1a og 1b*. Hjálpargögn eru m.a. talnagrindur, pinnabretti, kennslupeningar, teningar, smáhlutasafn, spilastokkar, vogir, málbönd, klukkur og reglustikur.

### Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.

Við annaskil er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.